

Rammasamkomulag um samstarf Náttúruminjasafns Íslands og Rorum ehf.

Náttúruminjasafn Íslands (kt. 520707–0340) er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, vísinda- og þjónustustofnun sem lögum samkvæmt skal sinna rannsóknum á fræðasviði sínu og vera miðstöð miðlunar á upplýsingum, fróðleik og þekkingu um náttúru Íslands, náttúrusögu, náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda.

Rorum ehf. (Rannsóknir og ráðgjöf í umhverfismálum, kt. 701014–0810) er einkahlutafélag sem sinnir rannsóknum og ráðgjöf á sviði náttúrufræða og umhverfismála.


Náttúruminjasafn Íslands og Rorum gera með sér samkomulag þetta með það að markmiði að stuðla að samstarfi sín á milli og efla rannsóknir og fræðslu á sviði náttúru- og safnfræða. Samstarfsaðilar munu starfa saman í samræmi við ofangreind meginhlutverk og ákvæði laga þar að lútandi, m.a. með eftirfarandi hætti:


1. Að hvetja starfsmenn sína og eftir atvikum aðra þátttakendur á þeirra vegum, t.d. nema, til samstarfs og rannsókna á sameiginlegum fræðasviðum.
2. Aðilar skulu gera með sér sérstakan verksamning um tiltekin, afmörkuð rannsókn- og samvinnuverkefni. Þar skulu tíunduð markmið, efnistöð og tímasettir áfangar með verklokum.
3. Um verkefnastjórn og framkvæmd verkefna skulu starfsmenn Rorum ehf. sjá í samstarfi við Náttúruminjasafnið. Í staðinn veitir Náttúruminjasafn Íslands Rorum endurgjaldslausu starfsaðstöðu í húsnæði sínu að Brynjólfsgötu 5 og eftir atvikum aðgang að safnkosti sínum og systurstofnunar sinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, enda samrýmist gagnanotin markmiðum viðkomandi verkefnis og þar að lútandi samningi milli Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar dags. 22.10.2012.
4. Starfsmenn og þátttakendur í rannsókn- og samvinnuverkefnum skulu leitast við að miðla afrakstri úr sameiginlegum rannsóknaverkefnum til almennings m.a. með rafrænum hætti og prentaðri útgáfu.
5. Samstarfsaðilar skulu leitast við að fjármagna samstarfsverkefni m.a. með utanaðkomandi styrkjum.

Reykjavík, 15. janúar 2015

f.h. Náttúruminjasafns Íslands

f.h. Rorum ehf.


Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður


Þorleifur Eiríksson